

GJALDSKRÁ

vegna hunda- og kattahalds í Skaftárhreppi.

1. gr.

Hunda- og kattaeygendur sem búsettir eru innan þéttbýlis í Skaftárhreppi skulu greiða leyfisgjald skv. lið b. 2. gr. og 6. gr. í samþykktum nr. 970/2015 um hunda- og kattahald í Skaftárhreppi.

2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir skráða hunda er 5.500 kr. á hvern hund. Árlegt leyfisgjald fyrir skráðan kött er 5.500 kr. á hvern kött. Innifalið í leyfisgjaldinu er iðgjald ábyrgðartryggingar, skráningar- og umsýslugjald.

Ormahreinsun er ekki innifalin í leyfisgjaldi

Leyfisgjöldin eru greidd fyrirfram í fyrsta sinn við skráningu hunds til næstkomandi marsmánaðar og síðan árlega fyrir 1. mars í eitt ár í senn.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum skv. gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett af sveitarstjórn Skaftárhrepps að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Suðurlands á grundvelli 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir með tilvísun til heimildar í samþykkt nr. 970/2015 um hunda- og kattahald í Skaftárhreppi og öðlast þegar gildi. Við staðfestingu gjaldskrár þessarar fellur úr gildi eldri gjaldskrá vegna hundahalds í Skaftárhreppi nr. 288/2001.

Kirkjubæjarklaustri, 14. janúar 2016.

Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 12. febrúar 2016